

### Fylgiskjal 3.

#### REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EB) nr. 1876/2002

frá 21. október 2002

#### um bráðabirgðaleyfi fyrir nýrri notkun aukefnis í fœðri

(Texti sem varðar EES)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 70/524/EBE frá 23. nóvember 1970 um aukefni í fœðri <sup>(1)</sup>, eins og henni var síðast breytt með reglugerð (EB) nr. 1756/2002 <sup>(2)</sup>, einkum 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Í 1. mgr. 9. gr. e í tilskipun 70/524/EBE er kveðið á um að heimilt sé að veita bráðabirgðaleyfi fyrir nýju aukefni til nota í fœður eða nýrri notkun aukefnis, sem hefur þegar verið leyft, ef skilyrði b- til e-liðar 3. gr. a í þeirri tilskipun hafa verið uppfyllt og telja má með réttu, með hliðsjón af fyrirliggjandi niðurstöðum, að efnið hafi einhver þau áhrif, sem um getur í a-lið 2. gr. þeirrar tilskipunar, þegar það er notað í fœður. Heimilt er að veita slíkt bráðabirgðaleyfi í allt að fjögur ár ef um er að ræða aukefni sem tilgreind eru í II. hluta viðauka C við þá tilskipun.
- 2) Framleiðslufyrirtækið lagði fram ný gögn í því skyni að rýmka leyfi fyrir ensímefnablöndunni, sem lýst er í viðaukanum við þessa reglugerð og skráð í lið 24 í viðaukunum við tilskipun 70/524/EBE, þannig að það nái yfir nýjan flokk dýra. Mat á skjölunum, sem lögð voru fram, sýnir að heimilt er að leyfa til bráðabirgða rýmkun að því er varðar þessa notkun.

- 3) Matið á skjölunum sýnir að ákveðnar aðgerðir geta verið nauðsynlegar til að vernda starfsmenn gegn váhrifum af völdum aukefnisins sem skráð er í viðaukanum. Slík vernd ætti hins vegar að vera tryggð með beitingu tilskipunar ráðsins 89/391/EBE frá 12. júní 1989 um lögleiðingu ráðstafana er stuðla að bættu öryggi og heilsu starfsmanna á vinnustöðum <sup>(3)</sup>.
- 4) Visindanefndin um fœður hefur sent frá sér jákvætt álit um öryggi ensímefnablöndunnar samkvæmt þeim skilyrðum sem er lýst í viðaukanum.
- 5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferli og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Heimilt er að leyfa efnablönduna, sem tilheyrir flokknum „ensím“ og tilgreind er í viðaukanum við þessa reglugerð, sem aukefni í fœðri samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í viðaukanum.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópubandalaganna*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. október 2002.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

David BYRNE

*framkvæmdastjóri.*

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1.

<sup>(2)</sup> Stjtið. EB L 265, 3.10.2002, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjtið. EB L 183, 29.6.1989, bls. 1.

## VIÐAUKI

Nr. (eða EB-nr.)	Aukefni	Efnamúla, lýsing	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Hámarks- innihald		Ónurr ákvæði	Leyfi rennur út
					Lágmarks- innihald	Virkneiningar á hvert kilogrammi heilfóðurs		
24	Endó-1,4-beta-xýlanasi EC 3.2.1.8 Endó-1,3(4)-beta-glúkanasi EC 3.2.1.6	Efnablanda endó-1,4-beta-xýlanasa og endó-1,3(4)-beta-glúkanasa, framleiddir með <i>Aspergillus niger</i> (CNCM 1-1517), með virkni að lágmarki: 28 000 QXU/g (*) 140 000 QGU/g (†)	Varphaenur	—	560 QXU 2 800 QGU	— —	1. Í nokkurleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og þol við köggluun. 2. Ráðlagður skammtur á hvert kílógramm heilfóðurs: 560 QXU 2 800 QGU 3. Til nota í fôðurböndur, aubugar af fjölsýkrum, öðrum en sterkju (einkum arabinoxýlönunum og beta-glúkónun), t.d. þær sem innihalda yfir 20% hvéiti og/eða bygge.	1.10.2006
<p>(*) 1 QXU er magn þess ensíms sem leysir 1 mikrómolí af oxandi sykra (xýlosajafngilda) á mínútu úr xýlani úr höfnum við pH 5,1 og 50 °C. (†) 1 QGU er magn þess ensíms sem leysir 1 mikrómolí af oxandi sykra (glúkósajafngilda) á mínútu úr beta-glúkani úr byggi við pH 4,8 og 50 °C.**</p>								

**Ensim**